



Alþingi

Austurstræti 6-8
150 Reykjavík

Reykholti, 17. maí 2023
2305019 AS

Efni: Frumvarp til laga um tímabundnar undanþágur frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi, 1028. mál.

Eftirfarandi er umsögn sveitarstjórnar Bláskógabyggðar, frá 335. fundi sveitarstjórnar sem haldinn var 15. maí 2023.

Lagt var fram erindi Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 05.05.2023, þar sem send er til umsagnar frumvarp til laga um tímabundnar undanþágur frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi, 1028. mál.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar telur rétt að afmarka með skýrum hætti hvaða húsnæði heimilt er að nýta sem búsetuúrræði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd, en nokkuð er um það nú þegar að húsnæði í eigu ríkisins hefur verið ráðstafað undir slík úrræði án þess að um sé að ræða húsnæði sem ætlað er til fastrar búsetu, svo og hefur slíkt húsnæði verið tekið á leigu sem búsetuúrræði. Sveitarfélög á Íslandi, sem fara með skipulagsvald og eftirlit með óleyfisbúsetu, eiga ekki að þurfa að standa í ágreiningi við ríkisvaldið um hvort heimildir standi til þess að nýta húsnæði sem búsetuúrræði og að því leyti er til bóta að skýrar reglur verði settar. Hinsvegar telur sveitarstjórn að ekki megi takmarka skipulagsvald sveitarfélaga með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í 4. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um heimild Skipulagsstofnunar til að veita undanþágu frá skipulagi hlutaðeigandi sveitarfélags. Frestur sveitarfélags til að veita umsögn um beiðni Vinnumálastofnunar um slíka undanþágu er mjög knappur, eða tvær vikur, og veiti sveitarfélag ekki umsögn innan þeirra tímamarka er litið svo á að sveitarfélagið geri ekki athugasemd við undanþágu. Æskilegt væri að fresturinn væri fjórar vikur, en ekki tvær. Þá er ákvörðun Skipulagsstofnunar ekki kæránleg til æðra stjórnvalds og er gerð athugasemd við það. Samkvæmt 21. mgr. 45. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 hefur ráðherra vald til að veita undanþágu frá ákvæðum skipulagsreglugerðar að fenginni umsögn hlutaðeigandi sveitarstjórnar og Skipulagsstofnunar. Eðlilegt væri að undanþágur af þessu tagi færu í sama farveg og undanþágur almennt í málaflöknum. Þá er ekki ljóst hver eru réttaráhrif tilkynningar sveitarfélags skv. 8. mgr. 3. og 8. mgr. 4. gr. frumvarpsins til lóðarhafa og nágranna í grennd sem eiga hagsmuna að gæta um breytta notkun húsnæðisins, en tekið er fram að ekki verði um grenndarkynningu að ræða áður en undanþága verði veitt.

Virðingarfyllt,

Ásta Stefánsdóttir
Sveitarstjóri Bláskógabyggðar

